

Fundargerð 468. fundar Framkvæmdanefndar búvörusamninga haldinn 13. nóvember 2024 kl. 13:00 á Teams.

Þessir tóku þátt í fundinum:

Sigurður Eyþórsson, formaður nefndarinnar og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í matvælaráðuneytinu (MAR), Bryndís Eiríksdóttir, nefndarmaður og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í MAR, Rafn Bergsson, nefndarmaður og formaður deildar nautgripabænda innan BÍ, Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og varaformaður BÍ, Hrefna Rós Matthíasdóttir nefndarmaður og sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu og Axel Sæland nefndarmaður og formaður deildar garðyrkjubænda innan BÍ. Fundargerð ritaði Kristín Sigfúsdóttir, stjórnarráðsfulltrúi MAR.

Þetta var gert:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 467 hefur þegar verið samþykkt af nefndinni og birt á vef matvælaráðuneytisins.

2. Erindi frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði; Tillaga að greiðslumarki í mjólkurframleiðslu fyrir árið 2025.

Lögð er fram tillaga Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði til Framkvæmdanefndar búvörusamninga og matvælaráðherra, að greiðslumarki mjólkur fyrir árið 2025 verði 152 milljónir lítra. Það er hækkun úr 151,5 milljón lítra á árinu 2024.

Áætlun um stærð innanlandsmarkaðar ársins 2025 (fyrir aðildarfélög SAM)

	Áætluð aukning	lítrar
Áætluð sala á fitugrunni	1,40%	151.918.441
Áætluð sala á próteingrunni	2,65%	135.573.033
Áætlaður próteinhalli		16.345.408

Það byggir fyrst og fremst á áætlaðri neyslu mjólkurvara á innanlandsmarkaði á árinu 2025 og stöðu og vænta þróun birgða mjólkurvara á sama tíma.

Að lokinni afgreiðslu nefndarinnar fer breytingin formlega fram með reglugerðarbreytingu sem tekur gildi um áramót.

Tillagan samþykkt samhljóða og minnisblaði verður í framhaldi skilað til ráðherra.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi lokið 13.04